

Aðalfundur Félags starfsmanna Alþingis 25. maí 2023, kl. 16:00 – 17:35

Fundarherbergi 5

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara

Ívar Már Ottason varaformaður FSA tók að sér að setja fundinn í fjarveru Sigrúnar Rósu Björnsdóttur, formanns. Ívar Már tilnefndi Hildi Edwald sem fundarstjóra, var það samþykkt samhljóða og tók hún við stjórn fundarins. Fyrsta verk fundarstjóra var að bjóða varaformanni FSA að flytja skýrslu stjórnar.

2. Skýrsla stjórnar

Ívar Már Ottason flutti skýrslu stjórnar en í stjórn FSA auk hans voru síðastliðið ár Sigrún Rósa Björnsdóttir, formaður, sem nú er í leyfi en er væntanleg aftur til starfa fljótlega. Sigrún Gautsdóttir, gjaldkeri. Anna Lís Björnsdóttir, sem kom inn í stjórn í stað Jóns Inga Valdimarsson, sem sagði sig úr stjórn. Sonja Lind Estrajher Eyglóardóttir og Gunnþóra Elín Erlingsdóttir sem kom inn sem varamaður í stjórn í fjarveru formanns. Stjórn FSA hefur fundað reglulega og sinnt almennum erindum sem borist hafa eftir bestu getu.

Stjórnarárið hefur umfram annað einkennst af átökum innan félagsins, sem að nokkru hafa farið lágt, en sumt hefur soðið upp úr. Hópur starfsfólks hefur í hyggju að segja sig úr félaginu og er það mál í ferli. Árið hefur verið krefjandi, þar sem reynt hefur verulega á samskipti milli stjórnar FSA og starfsmanna. Ívar áréttar að allir þeir sem starfa fyrir FSA gera það í sjálfböðaliðastarfi, eftir bestu getu, og það sé hvorki gefandi né skemmtilegt að sinna slíkum störfum þegar upp koma mál, þar sem framkoma starfsfólks í garð stjórnar er ekki eins og best verður á kosið.

Reynsla félagsins varðandi íþróttastyrki, sem færðust til skrifstofu Alþingis hefur verið ágæt og stjórnin ekki heyrt annað en ánægju með það. Skemmtanir hafa verið haldnar á vegum félagsins, haustferð, jólaball, júrógigg, árhátíð og annað tilfallandi skemmtilegt. Ívar kom einnig inn á að vefur FSA væri orðin ansi gamall og frekar úr sér genginn. Það mál hafi verið áfram til skoðunar en lítið þokast í þeim málum, vonandi verður það mál leitt áfram af nýrri stjórn.

3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram

Sigrún Gautsdóttir, gjaldkeri FSA, gerði grein fyrir endurskoðuðum reikningum félagsins. Þeir eru birtir á Hakinu á svæði FSA, sjá:

<https://innri.althingi.is/media/skjol/Arsreikningur-2022-undirskr.pdf>

Farið var yfir ársreikning félagsins fyrir síðasta ár, eignir á reikningum voru um áramót tæplega 3,5 milljónir. Árhátíð FSA er langstærsti útgjaldaliðurinn, hún greiðist af styrk sem skrifstofan leggur til árlega og er 30.000 kr. á starfsmann. Sú breyting varð á þessu ári frá árinu í fyrra að styrkurinn nær til allra starfsmanna og er ekki bundinn við þá sem eru í FSA. Á móti fékk FSA auka styrk á þessu ári til að mæta kostnaði vegna utanfélagsfólks sem kom á árhátíð í fyrra. Sigrún lagði áherslu á þörfina á að halda reikningum félagsins aðskildum þ.e. að hafa skemmtireikning og stéttarfélagsreikning. Komin er mynd á það núna og er það til mikilla bóta. Í framhaldi þarf svo að kanna hvort ætti að aðskilja alveg þessa tvo þætti. Annar stór einstakur kostnaðarliður var sérfræðiaðstoð vegna kjaradeilu. Á heildina lítið stendur félagið ágætlega, það munar miklu að íþróttastyrkurinn færðist yfir til skrifstofunnar á síðasta ári og það að halda fyrrnefndum þáttum aðskildum er til mikilla bóta.

Reikningar félagsins voru bornir upp til atkvæða samþykktir einróma.

4. Skýrslur nefnda

a. Skýrsla Orlofssjóðs

Steinunn Haraldsdóttir flutti skýrslu Orlofssjóðs FSA og Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2022. Í orlofsnefnd FSA og Ríkisendurskoðunar árið 2022 voru Steinunn Haraldsdóttir, Garðar Adolfsson og Laufey Einarsdóttir frá Alþingi og frá Ríkisendurskoðun Gestur Páll Reynisson og Magnús Lyngdal Magnússon. Varamaður var Guðný Vala Dýradóttir.

Árið 2022 var gert upp með tekjuafgangi upp á 2.859.000 kr. Eigið fé í árslok 2022 nam 29.573.000 kr. og peningar á almennum bankareikningum námu 22.800.000 kr.

Orlofsnefnd barst 44 umsóknir um orlofshús fyrir sumartímabilið 2022 sem stendur frá lok maí fram í byrjun september. 31 fékk úthlutað eða tæp 70%. Í vinsældum yfir allt árið hefur Akureyri vinninginn, svo Laugarás og síðan Húsafell. Verð var óbreytt frá fyrra ári, 21.500 kr. vikan og 9.000 kr. fyrir helgarleigu.

Orlofsnefnd samdi að venju um aðgang fyrir sumarhúsafólk að golfvöllum í Kiðjabergi og í Húsafelli og nú í annað sinn á Akureyri. Í boði á orlofsvefnum voru gjafabréf Icelandair og veiðikort sem gengu vel út og ferðaávisunin. Helstu framkvæmdir voru þær að skipt var um eldhúsinnréttingu í Laugarási í janúar 2022, skipt um sturtuklefan (inni) og gert við gólf og lagnir í hitaskúr.

Umræður vorum um slæma umgengni í orlofshúsum.

b. Skýrsla starfsmenntunarsjóðs

Inga Valgerður Stefánsdóttir flutti skýrslu starfsmenntasjóðs og kynnti reikninga fyrir árin 2021 og 2022 og athygli vakinn á að þeir eru aðgengilegir á Hakinu. Fulltrúar í stjórn starfsmenntunarsjóðs eru auk Ingu Valgerðar fulltrúa skrifstofu Alþingis, þau Hildur Sigurðardóttir frá Ríkisendurskoðun og Lárus H. Bjarnason frá umboðsmanni Alþingis. Haldnir voru þrír úthlutunarfundi á árinu 2022. Sjóðurinn stendur vel og allir félagsmenn eru hvattir til að sækja um í sjóðinn v. starfsmenntunarstyrks eða tómstundastyrks. Auk þess verður hægt að sækja um styrk í haust vegna fræðsluferðar til Helsinki.

c. Skýrsla Fjölskyldu- og styrktarsjóðs

Elín Valdís Þorsteinsdóttir flutti skýrslu fjölskyldu- og styrktarsjóðs og kynnti reikninga sjóðsins sem er að finna á Hakinu. Á aðalfundi árið 2022 voru kosin í stjórn til tveggja ára Jón Magnússon, Elín Valdís Þorsteinsdóttir og Axel Viðar Egilsson sem aðalmenn og Kristel Finnbogadóttir Flygenring og Guðný Vala Dýradóttir sem varamenn. Axel Viðar gat ekki tekið sæti sem aðalmaður og því tók Kristel sæti sem ritari í hans stað.

Stjórnin hélt 5 úthlutunarfundi á starfsárinu og hefur sent tilkynningar í tölvupósti um fyrirhugaða fundi til starfsfólks Alþingis, - þingflokka og – UA. Styrkveitingar á árinu 2022 voru 97 þar af 8 fæðingarstyrkir. Heildarfjárhæð styrkja stendur í stað milli ára þ.e. um 10 mill. kr. en var árinu 2020 tæplega 14 mill. sem skýrðist að sjúkradagpeningagreiðslum. Algengustu styrkirnir koma fram í ársreikningi og eru: vegna heilbrigðiskostnaðar en undir það fellur lyfjakostnaður, krabbameinsleit, tannlækna-, glæraugna- og linsukostnaður & kostnaðar við laseraðgerðir. Styrkveitingar eru skattskyldar samkvæmt lögum og því hefur staðgreiðsla verið dregin frá styrkveitingum sjóðsins. Framlög atvinnurekenda námu 11,6 millj. kr. Hækkun milli ára nemur 11% og skýrist af fjölgun starfsfólks auk þess sem framlagið var hækkaði úr 0,5% af launum í 0,75% á fyrri hluta árs 2020. Heildartekjur ársins voru tæpar 14,4 millj. kr. þar af 1,3 í vaxtatekjur. Hagnaður ársins var 3.909.088 kr. Eigið fé í árslok nam 41,5 millj. kr.

Stjórnin hefur unnið að því að yfirfara starfsemi sjóðsins með tilliti til persónuverndarlaga. Allir stjórnarmenn eru bundnir trúnaði samkvæmt 3. málsl. 3. gr. starfsreglna sjóðsins, „Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um upplýsingar um hagi umsækjenda sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða eðli máls” og hefur stjórnin nýlega undirritað trúnaðaryfirlýsingu vegna starfa fyrir sjóðinn. FOS starfar samkvæmt starfsreglum frá 1. janúar 2003 og úthlutunarreglum frá 1. janúar 2016. Þá fylgdist stjórnin með og gerði samanburð á réttindum hjá öðrum sjóðum, síðast í lok árs 2022. Niðurstaðan var sú að réttindin í FOS eru mjög sambærileg og reyndar almennt betri en í BHM og BSRB. Úthlutunarreglum sjúkrasjóðs BHM voru fyrir nokkrum árum sambærilegar FOS en vegna fjölgunar umsókna um sjúkradagpeninga eru þeir nú greiddir í allt að 4 – hámark 713 þús. kr. Ekki hafa verið gerðar breytingar á reglum sjóðsins undanfarin ár en í ljósi fjárhagsstöðu sjóðsins lagði stjórn FOS til breytingar á úthlutunarreglum við stjórn FSA í febrúar. Voru þær samþykktar 23. mars sl., sbr. 2. mgr. 5. gr. starfsreglna, og voru kynntar starfsfólki í tölvupósti 3. apríl sl., þar sem dróst að halda aðalfund.

Stærsta breytingin er að tímabil sjúkradagpeninga var stýtt úr 12 mánuðum í 9 mánuði. Þá geta félagar haldið réttindum í allt að sex mánuði við starfslok eða við tímabundin flutning, í stað 3 mánaða áður, sem er hugsað til að koma til móts við þá sem hafa ekki öðlast rétt í öðru félagi sem tekur almennt 3 mánuði. Styrkur vegna fósturláts eftir 18 vikur eða vegna andvanafæðingar verður hækkaður úr 100 þús. í 200 þús. þ.e. í sömu fjárhæð og fæðingarstyrkur. Þá er lagt til að lyfjakostnaður falli undir heilbrigðiskostnað skv. 7. gr. sem hefur verið túlkað þannig í framkvæmd og að lokum að hámarksstyrkur vegna heilbrigðiskostnaðar hækki úr 250. þús. í 350. þús. kr. á ári. Auk þess sem umsóknir ásamt fylgigögnum skulu framvegis verða sendar rafrænt. Breytingarnar eru miðaðar við 1. janúar 2023 og eiga við um kostnað sem til hefur fallið frá þeim tíma.

Elín Valdís hvatti í lokin starfsmenn til að fylgist með og bera saman réttindi og koma ábendingum til stjórnarinnar, ef þeir hafa.

d. Skýrslur annarra nefnda

Aðrar nefndir kvöddu sér ekki hljóðs.

5. Lagabreytingar

Engar óskir um lagabreytingar bárust stjórn FSA fyrir fundinn.

6. Ákvörðun félagsgjalds.

Stjórn FSA gerði tillögu um að hækka félagsgjöld FSA og í kjölfarið sköpuðust umræður um að skipta upp félagsgjaldi í annarsvegar skemmtigjald og hins vegar stéttarfélagsgjald. Gerð var tillaga um að hækka félagsgjöld upp í 1600 kr. og að félagið skipi starfshóp til þess að kanna fýsileika þess að skipta félaginu upp í stéttarfélag og skemmtifélag. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Jafnframt var samþykkt tillaga að starfshópin skipi Laufey Einarsdóttir, Tómas Guðjónsson, Anna Sigurborg, Hildur Edwald ásamt því að formaður FSA verði til halds og trausts.

7. Kosning formanns

Sigrún Rósa Björnsdóttir bauð sig fram til áframhaldandi setu sem formaður og var hún kjörin einróma.

8. Kosning meðstjórnenda og varamanna

Í framboði voru: Ívar Már Ottason, Sonja Lind Estrajher Eyglóardóttir, Hildur Edwald og Tómas Guðjónsson. Anna Lís Björnsdóttir og Aldís Mjöll Geirsdóttir buðu sig fram til varamanns. Voru þau kjörin einróma. Stjórnin skiptir með sér embættum á fyrsta stjórnarfundi.

9. Kosning skoðunarmanna og varamanns

Erla Ósk Benediktsdóttir og Heiðrún Pálsdóttir gáfu kost á sér og voru þær kjörnar einróma. Sigrún Gautsdóttir var kjörin sem varamaður.

10. Kosning í nefndir

Orlofssjóður

Garðar Adólfsson og Laufey Einarsdóttir voru kjörin til tveggja ára fyrir ári síðan og sitja því áfram. Steinunn Haraldsdóttir var kosin til tveggja ára og Guðný Vala Dýradóttir var kjörin varamaður.

Starfsmenntasjóður

Þórdís Hadda Yngvadóttir var kjörin aðalmaður fyrir hönd skrifstofu Alþingis til tveggja ára. Varamaður Þorbjörg Árnadóttir situr áfram

Fjölskyldu- og starfsmenntunarsjóður

Elín Valdís Þorsteinsdóttir, Jón Magnússon og Axel Viðar Egilsson voru kjörin til tveggja ára fyrir ári síðan og sitja því áfram. Varamenn verða áfram Guðný Vala Dýradóttir og Kristel Finnboðadóttir Flygenring.

Kjaranefnd

Dagbjartur Gunnar Lúðvíksson, Helgi Brynjarsson og Inga Skarphéðinsdóttir voru kosin í Kjaranefnd, Gunnþóra Elín Erlingsdóttir tók sæti sem varamaður.

Skemmtinefnd

Anna Sigurborg Ólafsdóttir og Arnór Sigurgeir Þrastarson voru kosin í skemmtinefnd.

Öryggisfulltrúar

Í framboði til áframhaldandi setu voru Eyþór Benediktsson og Sigrún Helga Sigurjónsdóttir og voru þau kjörin einróma.

Eftirlit með rekstri mötuneytis

Í framboði til áframhaldandi setu voru Ólafur Elfar Sigurðsson og Arnar Kári Axelsson og voru þeir kjörnir einróma.

11. Önnur mál

Umræður um framtíð FSA, lagt er til að byrja á því að skoða hvað sé hægt til þess að gera til þess að skipta félaginu upp sbr. lið 5 áður en farið verið að velta upp frekari framtíð félagsins sem stéttarfélag. Samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki gert.